

ATHUGASEMDIR VIÐ DEILISKIPULAG

Athugasemdir íbúa á Brekkugötu 7, Hafnarfirði

Við undirrituð, eigendur og íbúar Brekkugötu 7 síðan 1975, tókum í einu og öllu undir þær athugasemdir sem gerðar eru á blöðunum sem hér fylgja.

Okkar athugasemdir snúa eingöngu að Brekkugötunni, götunni okkar, þó að svæðið allt sé okkur kært.

Eins og skipulagssérfræðingum bæjarins er kunnugt um geymir neðri hluti Brekkugötu heillega og fallega mynd af bænum eins og hann var um það leyti sem hann fékk kaupstaðarréttindi. Húsin í þessum hluta götunnar eru því komin til ára sinna, flest nálægt því að vera aldargömul. Götumyndin sem blasir við þegar horft er úr Lækjargötu er falleg og heilleg, þar sem gömul, vel hirt hús og veggjahleðslur blasa við. Svona verðmæti verður að umgangast með varúð. Ekki gera nein óafturkallanleg mistök.

Það kom okkur því á óvart þegar við sáum tvö stór hús við Brekkugötu í deiliskipulaginu, hús sem eru ekki í neinu samræmi við húsin sem næst þeim standa. Hér er talað um hús sem er bæði stærra að flatarmáli og hærra en húsið við Brekkugötu 5 sem stendur gegnt því og mun byrgja þeim sem þar búa alla sýn til vesturs, sömuleiðis íbúum í nýjum húsum við Suðurgötu. Húsin sem sett eru niður á horn Brekkugötu og Lækjargötu stinga sömuleiðis í stúf hvað varðar stærð og umfang allt.

Aðstæður okkar sem búum neðst í Brekkugötu (sérstaklega við á Brekkugötu 5, 7 og 9) eru þannig að við höfum ekki aðstöðu við hús okkar til að byggja bílskýli eða stæði og samkvæmt deiliskipulagi verður ekki séð að við höfum aðgang að bílastæðum í framtíðinni. Það breytir engu þó að okkur verði boðið að kaupa bílskýli í kjallara nýbygginga. Okkar ósk er að þau mál verði leyst með einhverju öðru móti, t.d. með því að taka úr gangstéttum, eins og gert er í nokkrum götum í gamla bænum, þannig að það megi koma 2-3 bílum fyrir í stæði hér neðst í götunni. Þegar Dvergur var jafnaður við jörðu var skilinn eftir lítill steiptur flötur sem enn nýtist sem stæði; er hugsanlegt að nýta þann flöt áfram? Það er ekki hægt að segja íbúum í þessum húsum að leggja við kirkjuna eða á stæðum í miðbænum, það leysir ekki málið. Skiptir þá engu hvort um er að ræða ungar fjölskyldur með börn á handlegg eða eldra fólk. Í nútímasamfélagi verður að gera ráð fyrir einum fjölskyldubíl, framhjá því verður ekki litið.

Okkar von er að sú að samkomulag megi takast um að endurskoða byggingamagn við Brekkugötu og sýna þar með hug bæjaryfirvalda til íbúa og umhverfis.


Virðingarfyllst,

Þórunn Blöndal kt. 180245-2859

Þórunn Blöndal, thorunnb@hi.is

G. Pálmar Ögmundsson kt. 170743-4159

G. Pálmar Ögmundsson, pogmund@gmail.com

	Hafnarfjarðarpær
Innk:	19.6.2018
Málsnr:	1708458
Bréfal:	512

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar

Undirrituð, gerum eftirfarandi athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi lóðanna við Lækjargötu 2 og Suðurgötu, í samræmi við 1. Mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var á fundi Skipulags- og bygginarráðs Hafnarfjarðar þann 09.02.2018.

Athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi:


1.



Áttalei: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við færslu bygginga í austur og þar með þrengt að gangstétt og húsin færð alltof nálægt húsunum sem standa í Brekkugötunni.


2.



Útlit Brekkugötu: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við hækkun sjónlínu á mæni bygginganna eins og sjá má af teikningunni hér að ofan.


3.



Útlit Brekkugötu: Gamla Dvergshúsi í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd á lokun útsýnis með byggingu 2e sem sett er niður á auðan reit og mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu og jafnframt eyðileggja útsýn vegfarenda um Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðargötu, uppá Hamarinn og eina helstu heillegu götumynd húsa á Íslandi sem eru yfir 100 ára gömul.


4.



Útlit Suðurgötu: Gamla Dvergshúsi í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við byggingu húss 2a sem sett er niður, á því sem næst auðan reit miðað við fyrra skipulag, og mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu og jafnframt eyðileggja útsýn vegfarenda um Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðargötu, uppá eina helstu heillegu götumynd húsa á Íslandi sem eru yfir 100 ára gömul.

5.



Útlit Brekkugötu - Mkv. 1:500

Gerð er athugasemd við að ekki sé leitast við að halda húshæð í samræmi við halla götu. Eðlilegast væri að halda götuhalla og leiðréttá þannig þau mistök þegar Dvergur var byggður.

Almennt um tillöguna sem liggur fyrir.



- Efnisval í húsaklæðningum eins og þær eru sýndar eru mjög kuldalegar og í engu samræmi við hlýleika hinna eldri húsa. Skiptir þá engu þó þau séu með risi og að forminu eitthvað í átt að eldri húsunum.
 - Hlýleg klæðning t.d. með viði og torfi (líkt og er sýnd á raðhúsunum sem voru teiknuð á bakvið Gúttó) er skilyrði fyrir notalegri stemming þessa reits. Það er allt í lagi að vera með einhverskonar pósta í gluggum og þakskegg og ýmsar útfærslur til þó ekki sé alltaf reynt að skýrskota til gömlu timburhúsanna. Hlýleikinn verður að vera til staðar. Blanda af torfhleðslum, steinhleðslum og timburklæðningum (td lerki) myndi gefa hlýlegan svip.

Klæðningarnar á húsunum í vinningstillögunni er mjög kuldaleg og vona ég að okkur beri gæfa til að minnka stálið en auka viðarklæðningar og torf. Nýlega hafa verið byggð hús í gömlum svæðum (Bakvið Norðurbakkann) þar sem reynt er að nota litað eða ólitað bárujárn, póstalaus glugga, skyggislaus hús, stál áfellur án gerefta og hafa þau hús mjög kuldalegan blæ sem hæfir ekki hlýlegum Hamrinum og þeim húsunum sem þar eru í kring. Nátturustein, viður, torf í bland með hlýlegu máluðu bárujárni verður vonandi það sem kemur í staðinn.

Með von um að Hafnfirðingum auðnist að gera þetta hlýlegt og notalegt svæði sem því miður hefur ekki tekist á ýmsum nýskipulögðum svæðum eins og Norðurbakkanum og með byggingu verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar á sínum tíma.

Nafn:

Þórunn Blöndal
G. Pálma ⁴⁰ Dagnardóttir

Kennitala:

180245-2359

170743 - 4159